

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Engjavatn.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til landspildunnar Engjavatns, L218342. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingarreit undir íbúðarhús ásamt bílageymslu og hesthúsi. Samþykkt í sveitarstjórn 7. mars 2023.

Deiliskipulag, Arnarstaðakot.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð í landi Arnarstaðakots. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 23 íbúðarhúsalóðum að stærðinni frá 6.124 fm til 11.920 fm. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús með geymslu/bílageymslu og eitt útihús, sem (sbr. aðalskipulag) getur haft mismunandi hlutverk s.s. fyrir búfé, gróður, heilsutengda þjónustu og ferðaþjónustu. Allt dýrahald er leyfilegt innan skipulagsins en skal vera afgirt innan lóðar/spildu eða í taumi utan lóðar/spildu. Samþykkt í sveitarstjórn 28. mars 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 25. maí 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.